



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Fornleifarannsókn á stekk á Gálmarströnd í Strandasýslu

Unnið fyrir Vegagerðina

Ragnar Edvardsson



Janúar 2004

NV nr. 2-04

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

Sími: 456 7005
Fax: 456 7351

Kennitala: 610397-2209
Netfang: nave@nave.is
Heimasiða: http://www.nave.is

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Fornleifarannsókn.....	3
Viðbætur	6
Heimildaskrá.....	7

Inngangur

Nú standa yfir vegaframkvæmdir í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu. Að beiðni Kristjáns Kristjánssonar hjá Vegagerðinni á Ísafirði tók undirritaður að sér að skrifa Fornleifavernd ríkisins bréf í þeim tilgangi að fá leyfi til að farga rúst sem samkvæmt framkvæmdaráætlun lendir undir tilvonandi vegstæði. Rústin er á Gálmaströnd í mynni Steingrímsfjarðar.

Vorið 2003 var rústin mæld upp, teiknuð, ljósmynduð og staðsett með hnitum. Rústin er tvihólf og u.þ.b. 40 m² að flatarmáli. Hnit rústarinnar eru 65° 37' 44.941 N og 21° 23' 59.279 V og er hún í u.þ.b. 2 metra frá núverandi vegstæði. Rústin er grjóthlaðinn og eru hleðslur vel grónar og að öllum líkindum leifar af stekk. Sumstaðar eru hleðslur útflettar.

Í kjölfarið á þessari frumkönnum var minjaværði Norðurlands vestra skrifad bréf þar sem beðið var um álit hans á því hvort að rústin mætti fara án frekari rannsóknar eða hvaða skilyrðum þyrfti að fullnægja áður en að rústinni yrði fargað. Svarbréf minjavárðar barst 23. ágúst 2003 og þar segir að Fornleifavernd fari fram á að tekið verði snið í gegnum hleðsluvegg tóftarinnar og þess freistað að afla upplýsinga um aldur hans. Að öðru leyti teljist rannsókn fullnægjandi og félst Fornleifavernd á að rústinni yrði fargað að þessum skilyrðum uppfylltum (viðbætur a).

Sótt var um leyfi til fornleifarannsóknar haustið 2003 og barst það skömmu síðar. Rannsóknin fór fram í nóvember 2003 og unnu Garðar Guðmundsson fornleifafræðingur og Oddgeir Hansson fornleifafræðinemi, verkið. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hafði yfirumsjón með verkinu og sá um skýrsluskrif og frágang gagna.

Fornleifarannsókn

Þar sem að rústin hafði þegar verið mæld upp og ljósmynduð var strax hafist handa við að grafa sniðskurð þvert á vinn vegg rústarinnar. Skurðurinn var 2 metrar á lengd og 1 meter á breidd.

Undir yfirborðslagi [1] var veggur rústarinnar og var hann hlaðinn úr grjóti með torfi á milli [7]. Undurstöður veggjarins voru úr torfblönduðu efni [6] sem mokað hafði verið upp. Beggja vegna veggjarins var rótarkennd fokmold [2], [4] sem lá upp að veggnum. Undir [2] var dökkbrún fokmold [3] mjög svipuð lagi [2] og að utanverðu var torfblandað lag [5] sem sennilega er hrun frá lagi [6]. Undir veggnum var svo óhreyft malarlag.



Mynd 1. Norðursnið, nærmynd.

Í sniðum skurðsins sáust engin gjóskulög með berum augum og er ólíklegt að þau finnist við nákvæmari skoðun. Gjóskulög frá sögulegum tíma finnast sjaldan á Vestfjörðum og því er ekki unnt að nota gjóskulagagreiningu til aldursgreiningar á fornminjum á svæðinu.

Mikilvægt er því að nota aðrar aldursgreiningar aðferðir, s.s. gerðagreiningu gripa eða geislakolsmælingu til að aldursgreina fornminjar á Vestfjörðum. Við rannsókn þessarar tilteknu rústar fundust hvorki gripir né annað sem hægt væri að nota til aldursgreiningar. Þar af leiðandi er ekki hægt að aldursgreina þessa tilteknu rúst af nákvæmni.

Niðurstöður fornleifarannsóknar


Tilgangur fornleifarannsóknarinnar var að freista þess að fá nákvæma aldursgreiningu á rústinni til að ákvarða mikilvægi hennar. Sniðskurðurinn gat ekki gefið neinar nákvæmar upplýsingar um aldur rústarinnar þar sem að hvorki sáust gjóskulög né fannst annað sem hægt væri að nota til aldursgreiningar.

Röð jarðlaga í sniðum benda þó eindregið til þess að þessi rúst sé ekki mjög gömul. Þunnur jarðvegur var ofan á veggnum og beggja vegna veggjanna var þunnur fokmold sem lá upp að veggnum. Þó svo að fokjarðvegur sé þunnur ofan á og í kringum vegginn þarf það ekki að þýða að rústin sé mjög ung þar sem að jarðvegsþykkun á Vestfjörðum er hæg og mjög gamlar rústir oft rétt undir yfirborði. Gott dæmi um slíkt er skálarúst í Vatnsfirði sem var rétt undir grásrótarlagi (Ragnar Edvardsson, 2003).

Stekkjarrústin á Gálmarströnd í Steingrímsfirði er sennilega eldri en 100 ára og líklega byggð á tímabilinu 1700 – 1900. Því miður er ekki unnt að fá nákvæmari aldursgreiningu þar sem að gögn til þess eru ekki fyrir hendi.

Mikilvægi minja á ekki eingöngu að fara eftir aldri þeirra heldur á allt mat á mikilvægi að byggja á öðrum forsendum. Að hluta til á mat á menningarminjum að fara eftir því hvort minjar séu einstakar og hvort að mikið sé til af þeim. Minjar sem hafa sama hlutverk, s.s. stekkir og kvíar, og mikið er til af er í eðli sínu ekki eins mikilvægar og aðrar fágætari minjar.

Allt bendir til þess að þessi tiltekna rúst sé leifar af stekk og á landsvísu er mikið um slíkar minjar. Ef flokka á stekkinn eftir mikilvægi þá er hér ekki um einstaka rúst að ræða. Fornleifaskráning hefur sýnt að meðaltali eru um 2 stekkir á hverri skráðri jörð á Vestfjarðasvæðinu (Ragnar Edvardsson, 2000).

Stekkur á Gálmarströnd - snið

Teikn. 1 sniðskurður í stekk á Gálmarströnd.

Viðbætur

a. Bréf Minjavörðar Norðurlands vestra

Glaumbæ 25. ágúst 2003

Náttúrustofa Vestfjarða
 Hr. Ragnar Edvardsson
 Fornleifafræðingur
 Aðalstræti 21
 415 Bolungarvík

Málefni: Rúst á Gálmaströnd ($65^{\circ} 37' 44.941\text{ N}$ og $21^{\circ} 23' 59.279\text{ V}$)

Við fyrirhugaðar vegaframkvæmdir á Gálmaströnd í Kirkjubólshreppi mun Stekkjarrúst ($65^{\circ} 37' 44.941\text{ N}$ og $21^{\circ} 23' 59.279\text{ V}$) lenda undir nýju vegarstæði og að öllum líkindum eyðileggjast. Óskað var eftir mati minjavörðar á „mikilvægi rústarinnar og hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til að eyðileggja hana“.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því að samkvæmt þjóðminjalögum njóta allar fornleifar 100 ára og eldri friðhelgi, óháð sérstakri friðlýsingu, og að með öllu er óleyfilegt að hagga við þeim á nokkurn hátt án sérstaks leyfis, sbr. 10. gr. en þar segir: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins“. Mikilvægt er að framkvæmdum sé beint frá fornleifum eins og kostur er. Heppilegt er því að minjar séu skráðar í tengslum við hönnun nýrra veglína þar sem fornleifaskrá liggur ekki fyrir.

Stekkurinn á Gálmaströnd var mældur upp, teiknaður, ljósmyndaður og staðsettur með hnitud. Fornleifavernd fer fram á að tekið verði snið í gegnum hleðsluvegg tóftarinnar og þess freistað að afla upplýsinga um aldur hans. Að öðru leyti telst rannsókn fullnægjandi og fellst Fornleifavernd á að rústinni verði fargað að þessum skilyrðum uppfylltum.

Varðandi frekari vegaframkvæmdir á svæðinu er rétt að vekja athygli á 13. gr. þjóðminjalaga, en þar segir: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Virðingarfyllst

Pór Hjaltalín
 Minjavörður Norðurlands vestra

Heimildaskrá

Ragnar Edvardsson, 2000. *Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu, annar hluti.* Fornleifastofnun Íslands, FS119-99132. Reykjavík 2000.

Ragnar Edvardsson et.al. *Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp – rannsóknir sumarið 2003.* Adolf Friðriksson og Torfi Tulinius ritstj., Fornleifastofnun Íslands, FS213-03092, Reykjavík 2003.